

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 2. febrúar 2012 í máli nr. S-1835/2011:

Ákærvaldið

(Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari)

gegn

Arkadiusz Zdzislaw Pawlak og

(Haukur Örn Birgisson hrl.)

Rafal Grajewski

(Brynjólfur Eyvindsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var miðvikudaginn 18. janúar 2012, er höfðað samkvæmt ákæru, útgefinni af ríkissaksóknara 7. desember 2011, á hendur Arkadiusz Zdzislaw Pawlak, kt. 000000-0000, Hamraborg 7, Kópavogi, og Rafal Grajewski, kt. 000000-0000, Dreka­vogi 4b, Reykjavík, fyrir nauðgun með því að hafa, að morgni sunnudagsins 16. október 2011, haft önnur kynferðismök en samræði við X með því að beita hana ofbeldi. Ákærði Arkadiusz neyddi konuna til að hafa við sig munnmök og ákærði Rafal hafði við hana endaðarmsmök, auk þess að setja fingur í leggöng hennar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu X, er krafist miskabóta úr hendi ákærðu in solidum að fjárhæð 2.500.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 16. október 2011 til 7. desember 2011, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, auk greiðslu málskostnaðar vegna réttargæslu.

Verjendur ákærðu krefjast þess aðallega að ákærðu verði sýknaðir af kröfum ákærvalds, en til vara að ákærðu verði dæmdir til vægustu refsingar er lög leyfa, að dæmd refsing verði skilorðsbundin að öllu leyti eða hluta og að gæsluvarðhald komi til frádráttar refsingu. Þá er aðallega krafist frávísunar bótakröfu, en til vara að bótakrafa sæti verulegri lækkun. Loks krefjast verjendur málsvarnarlauna að mati dómsins.

Málsatvik

Sunnudagsmorguninn 16. október 2011, klukkan 7:33, barst lögreglu tilkynning um nauðgun og kom fram að brotþoli væri stödd að Einholti 11 í Reykjavík. Þar hittu lögreglumenn fyrir X, og með henni Guðlaugu Björnsdóttur, íbúa í húsinu. Guðlaug kvað X hafa barið að dyrum hjá sér, en hún væri kunnug fólki sem ætti heima í húsinu. Kemur fram að X hafi verið í miklu uppnámi og hafi buxur hennar verið rifnar. Hún hafi greint frá því að henni hefði verið nauðgað af tveimur útlendingum, sem hefðu ekið um í bifreiðinni MR-568. Kvaðst hún hafa verið á gangi frá Snorrabraut áleiðis að verslun 10/11 við Barónsstíg, er mennirnir hefðu ekið fram hjá henni á bifreiðinni. Þeir hefðu ávarpað hana á ensku og boðist til þess að aka henni að versluninni. Ökumaður bifreiðarinnar hefði hins vegar ekið að Reykjavíkflugvelli og stöðvað bifreiðina þar. Hefðu mennirnir þröngvað henni með ofbeldi til kynferðismaka í bifreiðinni. Hún hefði reynt að telja þeim trú um að hún væri HIV-smituð, til þess að fá þá til að hætta. Hún hefði öskrað, en ökumaðurinn þá tekið hana hálstaki og slegið hana í andlit. Hefði ökumaðurinn náð að stinga getnaðarlim sínum í endaparm hennar, en farþeginn stungið getnaðarlim í munn hennar og látið hana hafa við sig munnmök. Þá hefði ökumaðurinn sett fingur í klof hennar. Var X flutt á Neyðarmóttöku, þar sem rannsóknarlögreglumadur ræddi við hana og skráði niður nánari lýsingu hennar á atvikum. Klukkan 8:25 voru ákærðu, Arkadiusz Zdzislaw Pawlak og Rafal Grajewski, handteknir við Hamraborg í Kópavogi á ofangreindri bifreið, sem var af Toyota Avensis gerð.

Ákærðu voru yfirheyrðir af lögreglu síðar sama dag og könnuðust þeir við að X hefði verið í bifreiðinni með þeim um morguninn. Ákærði Arkadiusz kvað hana hafa sest inn í bifreiðina utan við skemmtistað við Laugaveg og hefðu þau ekið að flugvellingum. Hann hefði setið í farþegasæti frammi í bifreiðinni og hefði hann gefið konunni bjór og hún farið að snerta hann eftir það. Þegar að flugvellingum var komið hefði hann fært sig í aftursætið til hennar og hefðu þau haft kynferðisleg samskipti, en hún hefði alltaf verið að segja „já og nei“. Hún hefði snert hann alls staðar og haft munnmök við hann í skamma stund, en síðan hefði hún farið að öskra og haga sér furðulega. Þeir hefðu þá ekið henni heim og fylgt bendingum hennar um hvaða leið skyldi ekin. Ákærði kvaðst ekki telja að líkamleg snerting hefði orðið á milli konunnar og Rafal. Fyrst hefði hún viljað taka buxurnar niður, en síðan hefði hún ekki viljað það. Ákærði kvaðst hafa viljað eiga kynferðismök við konuna, en hann hefði ekki reynt að þvinga hana til þess. Hann kvað buxur hennar hafa verið rifnar þegar hún kom inn í bifreiðina. Þá kvað hann konuna hafa haldið um getnaðarlim sinn á leiðinni til baka og hefði þá verið eins og hún gréti, en þó væri hann ekki viss. Þau hefðu stöðvað í 30 til 40 mínútur við flugvöllinn. Við yfirheyrslu 20. október 2011 sagðist ákærði hafa búist við því að eitthvað kynferðislegt myndi gerast þegar konan kom inn í bifreiðina til þeirra. Honum hefði fundist hún gefa í skyn að hún sæktist eftir kynlífi þegar hún fór að snerta bak hans eftir að þau höfðu drukkið saman bjór. Hann hefði síðan farið aftur í bifreiðina til hennar og hefðu þau snert hvort annað. Það hefði verið komið að því að þau hefðu kynmök, hún hefði sest á hné hans, en síðan fært sig til hliðar og sett getnaðarlim hans tvisvar eða þrisvar sinnum upp að vörum sínum. Síðan hefði hún ekki viljað neitt meira. Þegar þetta var hefðu buxur hennar verið dregnar niður að

lærum, en konan hefði sjálf hneppt frá sér og dregið þær niður. Þau hefðu verið tvö í aftursætinu þegar þetta gerðist, en síðan hefði Rafal komið til þeirra. Konan hefði setið á milli þeirra Rafal í aftursætinu og hefði hún líka verið að snerta Rafal.

Ákærði Rafal kvaðst við yfirheyrslu 16. október 2011 hafa ekið bifreiðinni að Reykjavíkurlugvelli og hefðu Arkadiusz og konan setið aftur í. Ekkert kynferðislegt hefði átt sér stað á milli þeirra og konunnar. Hann kvað þau hafa stöðvað í 5 til 10 mínútur við flugvöllinn og hefði hann allan tímann setið í framsætinu. Hann hefði ekki orðið var við að konan hefði munnmök við Arkadiusz. Þá kvaðst hann ekki hafa orðið var við að konan hefði grátið eða öskrað. Hann kvaðst ekki hafa skýringar á því að buxur konunnar voru rifnar. Þá vísaði hann því á bug að hafa þröngvað konunni til endaparmsmaka. Við yfirheyrslu 20. október 2011 kvað ákærði konuna hafa haft munnmök við Arkadiusz í aftursæti bifreiðarinnar þar sem hún var kyrrstæð við Reykjavíkurlugvöll. Engin nauðung hefði átt sér stað í því sambandi. Ákærði kvaðst hafa sest í aftursæti bifreiðarinnar meðan á þessu stóð. Hann hefði haldið að „eitthvað myndi gerast“, að það „yrði eitthvað kynlíf“. Konan hefði setið á milli þeirra í aftursætinu og hann hefði horft á þegar hún hafði munnmök við Arkadiusz. Ákærði kvaðst hafa verið ringlaður við fyrri yfirheyrslu og hefði þetta rifjast upp fyrir honum síðan. Hann neitaði því að hafa togað buxurnar niður um konuna og haft við hana endaparmsmök. Hann kvaðst ekki hafa tekið eftir því að buxur hennar væru rifnar og ekki vita hvernig það hefði gerst. Samskiptum þeirra við konuna hefði lyktað með því að þeir óku henni heim.

X gaf skýrslu hjá lögreglu hinn 16. október 2011. Hún kvaðst hafa verið stödd á heimili vinar síns við Snorrabraut um morguninn og hefði hún ætlað að ganga niður að verslun 10/11 við Barónsstíg til að kaupa sér gosdrykk. Hún hefði ekki átt alveg fyrir gosdrykkinum, en ætlað að láta reyna á það hvort hún hitti einhvern á leiðinni, sem gæti látið hana fá það sem vantaði upp á. Hún hefði gengið niður Laugaveg, en þar hefðu erlendir menn ekið fram hjá henni á bifreið og kallað eitthvað til hennar. Mennirnir hefðu ekið aftur hjá skömmu síðar og gefið sig á tal við hana. Þau hefðu rætt saman á ensku, en hún hefði talið þá vera Pólverja eða Eistlendinga. Mennirnir hefðu boðið henni að súpa af bjórflösku, sem hún hefði afþakkað. Hún hefði sagt mönnunum að hún hygðist kaupa sér gosdrykk, en að hana vantaði upp á kaupverðið og hefði annar þeirra rétt henni smáklínk. Þeir hefðu spurt hana hvort henni væri ekki kalt og hefði orðið úr að hún settist upp í bifreiðina og spurði hvort þeir gætu ekið sér að versluninni. Bifreiðinni hefði verið ekið af stað, en þegar komið var niður Bankastræti hefði ökumaðurinn beygt til vinstri, suður Lækjargötu, en ekki til norðurs áleiðis að versluninni. X kvaðst hafa fundið á sér að eitthvað myndi nú gerast og að mennirnir myndu misnota hana kynferðislega. Hún kvaðst hafa beðið mennina um að stöðva bifreiðina og hleypa sér út. Bifreiðinni hefði verið ekið að Reykjavíkurlugvelli og lagt þar í bifreiðastæði skammt vestan við flugstöðvarbygginguna. Þar hefðu mennirnir „samlæst“ dyrunum og fært sig yfir í aftursætið, þar sem hún sat. Hefði sá mannanna sem ekið hefði bifreiðinni byrjað að káfa á henni og hefði hann farið inn á brjóst hennar. Hún kvaðst hafa náð að krossleggja fæturna til að varna því að þeir kæmust í klop hennar. Ökumaðurinn hefði rífið niður um hana buxurnar, en félagi hans haldið höfði hennar og neytt hana til að hafa munnmök við sig. Þá hefði ökumaðurinn haldið henni niðri og haft við hana endaparmsmök. Þetta hefði ekki staðið lengi yfir þar sem hún hefði bitið í getnaðarlim þess sem neyddi hana til munnmaka. Hefði þá komið fát á mennina og ökumaðurinn hefði slegið hana og beitt hana ofbeldi. X tók fram að hún hefði ekki

bitið fast í liminn, auk þess sem hana vantaði tennur í neðri góm. Hún kvað ökumanninn síðan hafa stungið tveimur eða þremur fingrum upp í leggöng sín. X kvaðst margsinnis hafa reynt að fá mennina til að hætta. Hún hefði sagt þeim að hún væri sprautufíkill og bent þeim á sprautuför á handlegg sínum. Þá hefði hún sagt þeim að hún væri HIV-smituð. Hún kvað þau hafa verið í um 30 mínútur á bifreiðastæðinu. Síðan hefði ökumaðurinn sest undir stýri á ný og ekið á brott, en hún hefði verið látin halda um getnaðarlim þess sem sat aftur í. Bifreiðinni hefði verið ekið að Einholti, en þar hefði hún farið út og hlaupið að heimili kunningja síns við götuna. X kvaðst hafa verið íklædd jakka, kjól og svörtum buxum, sem mennirnir hefðu rífið, auk þess sem krækja hefði farið úr þeim. Hún kvaðst jafnframt hafa verið í svörtum boxer kvennærbuxum. Við skýrslutöku 21. nóvember 2011 kom fram hjá X að henni hefði fundist hún verða að halda utan um getnaðarlim mannsins sem sat aftur í hjá henni, þegar þau óku frá Reykjavíkurlflugvelli. Þá kvaðst hún áður hafa fengið einhvern vökva upp í sig þegar getnaðarlimur mannsins var í munnni hennar og hefði hún frussað eða hrækt á gólfið aftan við ökumannssætið.

Meðal rannsóknargagna málsins er skýrsla Neyðarmóttöku frá 16. október 2011 um réttarlæknisfræðilega skoðun á X. Í skýrslunni er rakin frásögn hennar af atvikum. Kemur fram að hún hefði einnig leitað á slysadeild daginn áður eftir að fyrrverandi sambýlismaður hennar réðst á hana. Hún hefði síðan fengið að gista hjá kunningja á Snorrabraut. Hún hefði ekki getað sofíð og farið af stað til að kaupa sér gosdrykk, en ekki átt alveg fyrir honum. Hún hefði gengið niður Laugaveg og rætt þar við tvo erlenda menn í bifreið. Þeir hefðu rétt henni bjór og hefði hún sagt þeim að hún ætlaði að kaupa kók. Þeir hefðu rétt henni peninga, sem vantaði upp á til að kaupa gosdrykkinn, og hefði hún farið upp í bifreiðina til þeirra. Mennirnir hefðu ætlað að keyra hana að verslun 10/11, en ekki farið rétta leið. Þeir hefðu talað saman á sínu tungumáli og ekið með hana út á Reykjavíkurlflugvöll, þar sem bifreiðinni hefði verið lagt í stæði. Mennirnir hefðu síðan læst bifreiðinni og hefði annar þeirra farið með lim í endaparm hennar, en hinn með lim í munn hennar. Hún hefði kastað upp, en væri ekki viss um hvort hún hefði fengið sæði upp í sig. Hún hefði klemmt saman lærin og þeir því ekki komist í leggöng hennar. Hún hefði öskrað af reiði og vegna verkja í vinstri síðu, en hún hefði verið aum eftir áverka sem hún hlaut daginn áður. Mennirnir hefðu þá tekið um munn hennar og nef svo að hún náði ekki andanum. Þeir hefðu hlegið mikið á leiðinni til baka, en hún hefði yfirgefið bifreiðina í Einholti. Hún sagði buxur sínar hafa rifnað í átökunum, auk þess sem hún væri stíf í vinstri öxl eftir átök við mennina. Í skýrslunni kemur fram að X hafi verið íklædd nærbuxum, buxum, kjól og jakka. Hefðu buxurnar verið mikið rifnar og ekki haldist uppi af sjálfsdáðum. Konan hefði verið í nærbuxum utan yfir buxunum til að halda þeim uppi. Voru buxurnar teknar sem sönnunargagn. Í niðurstöðukafla skýrslunnar kemur fram að X hafi verið undir vímuáhrifum við skoðun. Hún hafi gefið góða sögu, en verið ör og grátið. Hún hefði síðan orðið ósamvinnuþýð og yfirgefið sjúkrahúsið áður en skoðun lauk. X hefði haft þreifíeymsli í vinstri öxl. Strok hafi verið tekið frá endaparmi og munn hennar, en ekki náðst að taka þvagsýni.

Jafnframt liggur fyrir vottorð sérfræðilæknis á slysadeild vegna komu X á deildina síðdegis laugardaginn 15. október 2011. Kemur fram að hún hafi orðið fyrir líkamsárás frá kunningja, sem hafi hrint henni í gólf, slegið hana hnefahögg í höfuð og sparkað í höfuð hennar og kvið. Við skoðun reyndust handleggir alsettir marblettum, misgömlum, en stór, nýlegur marblettur hafi verið á hægri

upphandlegg. Þá hafi X verið með þrjár litlar kúlur á höfði og haft þreifiefmsli á kvið.

Í gögnum málsins er skýrsla tæknideildar lögreglu um smásjárskoðun og sæðisprófun sýna, sem tekin voru frá endaþarmi, ytri kynfærum og munni brotaþola á Neyðarmóttöku. Kemur fram að engin lífsýni hafi fundist við rannsóknina, sem nothæf gætu talist til DNA-kennslagreiningar í málinu. Í skýrslunni er einnig gerð grein fyrir rannsókn á svörtum síðbuxum, úr polyester og elastanefni, sem brotaþoli hafði íklæðst. Kemur fram að skoðun á buxunum hafi leitt í ljós að í innanverðum streng, hægra megin, sé fest krækja, en lykkja á mótí, sem hafi verið fest í streng vinstra megin, hafi verið fallin úr. Efni umhverfis þar sem lykkjan hafi verið fest hafi verið teygt og rífið og saumar tættir. Ummerki í strengnum sýni að festingin hafi verið rifin eða slitin úr efni buxnanna. Einnig hafi verið ummerki um annað sett af festingum við hlið hinna. Göt í efni í strengnum væru til marks um að festingarnar hefðu verið rifnar eða slitnar úr og væri ljóst að það hefði gerst með átaki. Rennilás hefði verið slitinn í tvennt, miðjusaumur í klofi hefði rifnað niður frá rennilás og upp eftir bakhlið og hefðu saumar og þræðir verið tættir þannig að ljóst væri að rifan hefði myndast við átak. Skýrslunni fylgja ljósmyndir af buxunum.

Leitað var lífsýna í bifreiðinni MR-568. Í skýrslu tæknideildar lögreglu kemur fram að sýni tekin úr tveimur blettum sem fundust á gólfi aftan við ökumannssæti, á hægri hlið ökumannssætis og á armpúða milli aftursæta, hafi í forprófi gefið jákvæða svörun sem sæði, en sérfræðingur lögreglu upplýsti við aðalmeðferð málsins, að nánari rannsókn hefði leitt í ljós að ekki væri um sæðisbletti að ræða.

Þá voru sýni, sem tekin höfðu verið frá getnaðarlimum ákærðu við réttarlæknisfræðilega skoðun í kjölfar handtöku, send til DNA-rannsóknar við Statens kriminalteknisk laboratorium í Linköping í Svíþjóð, auk samanburðarsýna frá brotaþola. Var þess óskað að sýnin yrðu rannsökuð með tilliti til þess hvort í þeim væri að finna lífsýni, sem rekja mætti til konu. Jafnframt voru buxur brotaþola sendar til DNA-rannsóknar við rannsóknarstofuna, auk samanburðarsýna frá ákærðu og brotaþola. Var þess beiðst að buxurnar yrðu rannsakaðar með tilliti til þess hvort í þeim væri að finna lífsýni, sem rekja mætti til karlmanns, og þá hvort bera mætti DNA-snið slíkra sýna saman við DNA-snið ákærðu. Niðurstöður rannsóknarinnar liggja fyrir í greinargerðum rannsóknarstofunnar, dagsettum 12. og 16. janúar 2012. Fjórir blettir í buxum brotaþola, í klofi og ofarlega á vinstri skálm, reyndust innihalda sæði og bentu niðurstöður rannsóknarinnar mjög sterklega til að það stafaði ekki frá ákærðu, heldur þriðja manni. Niðurstöður rannsóknar á sýni sem tekið var frá getnaðarlim ákærða Arkadiuszar bentu mjög sterklega (extremt starkt) til þess að DNA sem í því greindist stafaði frá brotaþola. Greining á sýni, sem tekið var af getnaðarlim ákærða Rafal, sýndi DNA úr a.m.k. tveimur einstaklingum. Megnið af því DNA sem greindist kom heim og saman við ákærða, en niðurstöðurnar bentu í nokkrum mæli (í nágon mån) til þess að minnihluti þess stafaði frá brotaþola. Skýrslu rannsóknarstofunnar fylgja skýringar á kvarða sem notaður er við flokkun á niðurstöðum, frá +4 niður í -4. Falla niðurstöður rannsóknar á sýni frá ákærða Arkadiuszi undir efsta stig kvarðans, +4, sem þýðir að talið er útilokað í reynd að niðurstaða rannsóknarinnar geti verið önnur. Niðurstöður rannsóknar á blönduðu sýni frá ákærða Rafal fellur undir stig +1, ofan við miðbik kvarðans, sem þýðir að rannsóknin styðji frekar þá niðurstöðu sem fengin var, þ.e. að DNA í sýninu stafi frá Xju, en aðra niðurstöðu. Á heimasíðu

rannsóknarstofunnar er síðastgreindri flokkun nánar lýst þannig að talið sé 6 til 100 sinnum líklegra að DNA í sýninu stafi frá viðkomandi en einhverjum öðrum einstaklingi.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna við aðalmeðferð málsins.

Ákærði, *Arkadiusz Zdzislaw Pawlak*, kvað þá meðákærða Rafal hafa verið að aka niður Laugaveg og hefðu þeir orðið að stöðva bifreiðina á móts við veitingastað til að hleypa fólki yfir götuna. Þá hefði kona gengið upp að bifreiðinni og hefðu þeir skrúfað niður rúðu og talað við hana um stund, en hún síðan sest inn í bifreiðina. Ákærði sagði þá hafa kynnt sig með nafni og hefði bifreiðinni síðan verið ekið af stað. Rafal hefði ekið bifreiðinni, hann setið í farþegasæti frammi í, en konan verið í aftursætinu. Þau hefðu rætt saman á ensku og lítillaga á íslensku. Konan hefði beðið um að fá smápeninga til að kaupa sér eitthvað að drekka og kvaðst ákærði hafa gefið henni eitthvert klink. Hann hefði boðið henni að drekka bjór með sér, sem hún hefði þegið. Þau hefðu verið að spjalla og drekka þennan bjór og hefði konan farið að snerta hann aftan frá. Hún hefði strokið öxl hans og höfuð, hár og hnakka. Þetta hefði allt verið eðlilegt og hún virst vera ánægð. Þau hefðu ekið út á Reykjavíkflugvöll, án þess að sérstök ákvörðun hefði verið tekin um það. Ákærði tók þó fram að hann hefði verið að drekka og ef til vill hefði hann haldið að „það yrði eitthvað“. Þeir hefðu stöðvað bifreiðina við Reykjavíkflugvöll og hefði hann farið aftur í til konunnar. Þau hefðu verið að snertast, hún hefði viljað setjast ofan á hann og hefði hún sett buxurnar niður á mið læri, en verið áfram í nærbuxum. Hún hefði síðan hætt við þetta, en byrjað aftur að snerta hann eftir skamma stund. Hann hefði líka verið að snerta hana og allt hefði verið í góðu. Konan hefði síðan hallað sér fram eins og hún vildi veita honum munnmök. Hún hefði hneppt frá buxum hans og snert lim hans með vörum sínum í um 2 til 3 sekúndur. Síðan hefði hún hætt og farið að haga sér undarlega. Ýmist hefði hún virst vera hress eða í uppnámi, eins og hana langaði að öskra en gæti það ekki. Þá hefði hún gefið frá sér gráthljóð. Þeir hefðu ákveðið að aka konunni heim og hefði hún vísað þeim leiðina með bendingum. Á leiðinni hefði hún sett höndina undir buxur hans og haft hana á lim hans. Hann hefði líka verið að snerta hana og hún hefði verið alveg róleg. Ákærði kvaðst telja að þau hefðu verið í 5 til 7 mínútur á bifreiðastæðinu við flugvöllinn, en 30 til 40 mínútur hefðu liðið frá því konan kom inn í bifreiðina og þar til hún yfirgaf hana. Eftir að konan yfirgaf bifreiðina hefðu þeir ekið sem leið lá suður í Kópavog. Þeir hefðu haft viðkomu í verslun og keypt sér pilsner, lagt bifreiðinni í Hamraborg og verið að drekka pilsnerinn, þegar lögreglu bar að og handtók þá.

Ákærði kvaðst hafa tekið eftir því þegar konan gekk að bifreiðinni að buxur hennar voru rifnar, en það hefði ekki verið eins mikið og komi fram á ljósmyndum í málinu. Honum hefði virst vera saumspretta á buxunum og honum hefði sýnst hann sjá í húð hennar þar undir. Hann neitaði því að bifreiðinni hefði verið læst og kvað konuna hafa getað yfirgefið hana hvenær sem var, en þau hefðu nokkrum sinnum numið staðar á umferðarljósum á leiðinni.

Ákærði kvað Rafal hafa komið aftur í bifreiðina þegar hann var þar með konunni. Hann kvaðst hafa setið aftan við farþegasæti, en Rafal aftan við öikumannssæti og hefði konan verið á milli þeirra. Engin kynferðismök hefðu átt sér stað á milli Rafals og konunnar. Hann hefði hvorki séð Rafal hafa endaparmsmök við konuna, né setja fingur í leggöng hennar. Þá kvað ákærði þá hvorki hafa beitt konuna

ofbeldi né nauðung af nokkru tagi.

Ákærði, *Rafal Grajewski*, kvað þá Arkadiusz hafa verið á diskóteki um nóttina. Þeir hefðu drukkið áfengi og verið að skemmta sér. Þeir hefðu ákveðið að athuga hvað væri að gerast í bænum og ekið niður Laugaveg. Margt fólk hefði verið á götunum. Þeir hefðu haft rúðuna niðri og heilsað konu sem varð á vegi þeirra. Hún hefði sest inn í bifreiðina, þeir hefðu kynnt sig og hefðu þau talað saman eftir getu á ensku og íslensku. Það hefði legið vel á konunni. Hún hefði hlegið, spjallað og fengið sér bjór. Þá hefði konan verið að snerta Arkadiusz. Ákærði kvaðst ekki hafa viljað verða á vegi lögreglu, þar sem hann var að aka bifreiðinni ölvaður. Þau hefðu ekið niður Laugaveg, beygt þar til vinstri og ekið sem leið lá út að Reykjavíkurlflugvelli, en ákærði kvaðst hafa verið að vinna á því svæði. Hann hefði lagt bifreiðinni á bifreiðastæði og hefði tónlist verið í gangi. Arkadiusz hefði farið aftur í bifreiðina til konunnar. Þau hefðu verið að tala saman og hefði konan verið að gera eitthvað við Arkadiusz. Ákærði kvaðst skömmu síðar hafa sest í aftursætið hjá þeim. Hann hefði ekki staldrað þar við lengur en í um 5 mínútur, vegna þess að honum hefði fundist konan verða eitthvað skrytinn. Þau hefðu dvalið í um 10 mínútur á bifreiðastæðinu við flugvöllinn. Konan hefði verið róleg og eðlileg á leiðinni til baka. Ákærði kvaðst hafa viljað leyna því við fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu að hann hefði sest aftur í bifreiðina hjá konunni þar sem hann hefði ekki viljað að eiginkona hans kæmist að því.

Ákærði kvaðst hafa setið í öikumannssæti þegar Arkadiusz fór aftur í til konunnar. Hann hefði síðan séð að þau voru að snertast. Spurður hvort hann hefði séð konuna eiga munnmök við Arkadiusz svaraði ákærði að hann hefði séð hana gera eitthvað, en hann gæti ekki staðhæft að það hefðu verið munnmök sem þar áttu sér stað. Hann hefði ekki séð nákvæmlega hvað var í gangi, en þó séð að eitthvað var að gerast og að hún „var til“. Hann hefði verið ölvaður og séð hvað var að gerast og farið aftur í þar sem hann hefði talið að þetta myndi leiða til einhvers kynferðislegs á milli sín og konunnar. Ekkert slíkt hefði hins vegar átt sér stað.

Ákærði kvaðst ekki hafa orðið var við að eitthvað væri athugavert við fatnað konunnar og hefði hann ekki tekið eftir því hvernig hún var klædd. Hann hefði ekki tekið eftir því að buxur hennar væru rifnar og kvaðst þess fullviss að þær hefðu ekki verið rifnar eins og sæist á myndum, þegar konan yfirgaf bifreiðina. Ákærði neitaði því að bifreiðinni hefði verið læst þegar þau voru á flugvöllinum. Hann áréttaði að hann hefði ekki haft kynferðismök við konuna og ekki beitt hana ofbeldi, hvorki slegið hana né tekið hana kverkataki.

Ákærði kvaðst ekki hafa skýringar á því að í sýni sem tekið var frá getnaðarlim hans hefði fundist DNA, sem talið var geta stafað frá konunni. Hann kvað þó geta verið að hann hefði snert hönd eða fót konunnar þegar hann sat við hlið hennar, eða snert fót hennar. Hann neitaði því að hafa afklæðst í bifreiðinni. Ákærði kvaðst telja að hann hefði farið í bað áður en hann fór út að skemmta sér kvöldið áður. Hann kvaðst ekki muna hvort hann hefði haft samfarir við eiginkonu sína áður en hann fór út að skemmta sér, en fullyrti að hann hefði ekki haft samfarir við aðra konu. Ákærði kvað geta verið að hann hefði kastað af sér þvagi áður en hann var handtekinn um morguninn og þá haldið um liminn.

X kvaðst hafa verið heima hjá vini sínum, Gunnari Þorbirni Björnssyni, sem byggir á Snorrabraut. Undir morgun hefði hún farið út til að kaupa sér kók. Ákærðu hefðu

ekið fram hjá henni á bifreið, en hún hefði ekki virt þá viðlits. Þegar hún var komin á móts við Laugaveg 77 hefðu þeir ekið aftur fram hjá henni og hefði hún þá farið að tala við þá. Hún hefði sest inn í bifreiðina þar sem henni hefði verið kalt og beðið þá um að aka sér að verslun 10/11 við Hverfisgötu. Þeir hefðu „samlæst“ bifreiðinni um leið og hún settist inn. Hún hefði tekið í dyrahúninn, en hurðin hefði ekki opnast. Hún kvað það ekki vera rétt að hún hefði verið að strjúka farþeganum í bifreiðinni. Mennirnir hefðu ekið niður Laugaveg, en síðan beygt í átt að flugvellið. X kvaðst hafa reynt að opna dyrnar á bifreiðinni, en þær hefðu verið læstar. Þegar út á Reykjavíkflugvöll kom hefðu ákærðu báðir stigið út úr bifreiðinni og sest sitt hvorum megin við hana í aftursætinu. Þeir hefðu reynt að hafa kynferðismök við hana, en hún hefði veitt mótspyrnu og hefðu þeir barið hana, þó aðallega sá sem hafði ekið bifreiðinni. Henni hefði fundist sem hinn maðurinn reyndi að róa félagan sinn. Báðir mennirnir hefðu tekið út á sér getnaðarliminn og hefðu þeir reynt að „komast í klofið“ á henni. Hún hefði læst fótum sínum saman, en annar mannanna, hún vissi ekki hvor, hefði stungið fingri upp í klof hennar. Þá hefði ökumaðurinn náð að koma lim sínum í endaparm hennar í nokkrar sekúndur. X kvaðst hafa þurft að þola barsmíðar í bifreiðinni í hátt í klukkustund, en mennirnir hefðu síðan gefist upp og hefði hún beðið þá um að aka sér heim. Hún hefði beðið þá um að hleypa sér út úr bifreiðinni í Einholti og farið að heimili vinar síns, sem þar býr, en kona í húsinu hefði komið henni til aðstoðar.

X lýsti atvikum í bifreiðinni við flugvöllinn nánar þannig að þegar þangað kom hefði ökumaðurinn drepð á bifreiðinni og hefðu ákærðu stigið svo til samtímis út úr henni og komið aftur í. Þar hefðu þeir tekið hana hálstaki og kreist hana, en þeir hefðu verið búnir að taka niður um sig og hefði hún þurft að taka getnaðarlim farþegans upp í sig, en ökumaðurinn hefði tekið um háls hennar. Annar hvor þeirra hefði sett fingur í leggöng hennar og ökumaðurinn hefði síðan sett getnaðarlim sinn í endaparm hennar og hefðu buxurnar verið rifnar utan af henni með því að togað hafi verið í klofið á þeim, en ekki vissi hún hvor mannanna gerði það. X kvaðst hafa verið blá og marín í hálfan mánuð eftir þetta. Hefði hún ýmislegt reynt, en aldrei verið barin svona á ævinni. Þá kvað hún farþegann hafa setið aftur í hjá sér á leiðinni til baka og hefði hún orðið að hafa getnaðarlim hans uppi í sér allan tímann, eða í um 10 mínútur. Hefði ökumaðurinn oft gert hlé á akstrinum til að berja hana. Fram kom hjá vitninu að hún byggi við skert skammtímaminni í kjölfar veikinda í heila. Hún neitaði því að hafa reynt að setjast ofan á ákærða Arkadiusz í aftursætinu. Aðspurð kvað hún sig minna að hún hefði komið við lim öikumannsins með höndum.

X var spurð um ástæður þess að hún var í nærbuxum utan yfir síðbuxur við komu á Neyðarmóttöku. Hún skýrði þá frá því að hún hefði farið í þessa flík utan yfir buxurnar áður en hún lagði af stað frá Snorrabraut um morguninn. Hún hefði gert þetta til að halda uppi um sig buxunum, en það hefði vantað tölu eða festingu í streng. Hún hefði verið í kjól yfir buxunum svo að þetta sæist ekki. Hún kvað buxurnar ekki hafa verið rifnar fyrr en í bifreiðinni. Þá kvaðst vitnið telja sæðisbletti sem greindust í buxum hennar stafa frá kærasta sínum.

Guðlaug Björnsdóttir kvaðst hafa verið heima hjá sér að Einholti 11 morguninn sem um ræðir og vaknað við að barið var að dyrum. Hefði hún heyrt hróp og öskur úti. Hún hefði farið niður og opnað útidyrnar fyrir konu, sem hún kannaðist við að hafa séð gestkomandi hjá nágretta sínum. Konan hefði verið í miklu uppnámi, nötrað og skolfið. Hún hefði endurtekið í sífellu að sér hefði verið

nauðgað og þulið bílnúmer. Konan hefði haldið uppi buxum sínum og sýnt hvernig skálmarnar voru rifnar niður að hnjám. Guðlaug kvaðst ekki hafa tekið eftir því að hún væri í nærbuxum yfir buxunum. Hún kvaðst hafa gert lögreglu viðvart, sem hefði komið á vettvang skömmu síðar.

Gunnar Þorbjörn Björnsson kvað X hafa dvalist á heimili sínu á Snorrabraut þessa nótt. Hann kvaðst ekki hafa séð neitt athugasvert við fatnað hennar, hvorki hafa tekið eftir því að buxur hennar væru rifnar né að hún væri íklædd nærbuxum utan yfir buxur.

Lögreglumennirnir *Jóhann Birkir Guðmundsson* og *Haukur Sigmarsson* komu fyrir dóminn sem vitni. Jóhann hitti X að Einholti 11 og ók henni á Neyðarmóttöku, þar sem Haukur ræddi við hana áður en til læknisskoðunar kom. Vitnin báru að X hefði verið í miklu uppnámi og að buxur hennar hefðu verið mikið rifnar. Hvorugur kvaðst minnst þess að hún hefði verið í nærbuxum utanyfir buxur.

Björg Þuríður Magnúsdóttir læknir á Neyðarmóttöku kvað X hafa verið í uppnámi við læknisskoðun. Hún hefði verið í rifnum buxum og nærbuxum utan yfir, til að halda buxunum uppi. Vitnið kvaðst hafa talið X vera undir einhverjum vímuáhrifum. Hún hefði verið í andlegu ójafnvegi og hefði hún rokið á dyr þegar leið á læknisskoðunina. X hefði sagst vera aum í öxl eftir árásina, en auk þess hefði hún verið með marbletti eftir líkamsárás daginn áður. Vitnið sagði engin merki hafa verið um sár eða roða við endaparm konunnar, en tók fram að ummerki eftir endaparmsmök þyrftu ekki endilega að greinast.

Tinna Gunnarsdóttir hjúkrunarfræðingur kvaðst hafa tekið á móti X á Neyðarmóttöku. Hún hefði verið í miklu uppnámi, reitt og tætt, í rifnum buxum og nærbuxum utan yfir til að halda þeim uppi um sig. Kvaðst vitnið hafa talið að konan hefði farið í nærbuxurnar eftir atvikið. Hún hefði verið æst, grátið og illa hefði gengið að skoða hana. Hins vegar hefði hún lýst atvikum mjög nákvæmlega. Vitnið kvaðst hafa fundist hún vera undir einhvers konar vímuáhrifum. Hún hefði yfirgefið Neyðarmóttökuna áður en læknisskoðun var lokið. Vitnið kvað nærbuxurnar sem konan var íklædd hafa verið tættar. Það hefði verið gat á þeim og þær hefðu verið rifnar aftan í strengnum.

Björgvin Sigurðsson, sérfræðingur hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, gerði grein fyrir niðurstöðum DNA-rannsóknar á sýnum sem tekin voru frá getnaðarlimum ákærðu og sæðisblettum sem greindust á buxum brotaþola, en rannsóknin var unnin af sérfræðingum á Statens kriminaltekniska laboratorium í Linköping. Vitnið gerði grein fyrir því að í stroksýni, sem tekið var af getnaðarlim ákærða Rafals, hefði greinst blanda DNA-sniða, annars vegar frá ákærða sjálfum og hins vegar DNA sem að einhverju leyti er samkennt brotaþola. Að því er varðar +1 flokkun niðurstöðunnar á framangreindum kvarða rannsóknarstofunnar, kvaðst vitnið telja líklegt að ekki hefði komið fram fullkominn DNA-prófill. Í rannsóknnum sem þessum sé leitað að 15 lykllum auk kyngreinis. Taldi vitnið að mögulega hefðu ekki allir 15 lyklnir fundist, en niðurstaða rannsóknarinnar væri þó sú að þeir lykklar sem komu fram hefðu allir verið til staðar í DNA-sniði brotaþola.

Aðspurður hvort niðurstöðuna mætti hugsanlega rekja til þess að ákærði hefði snert brotaþola utan klæða og síðan komið við lim sinn, t.d. við það að kasta af sér vatni, kvað vitnið það ekki vera líklegt, en þó tölfræðilega mögulegt. Ólíklegt væri að við

slíka snertingu flyttist nægilegt magn af húðfrumum frá brotaþola til að það kæmi fram við rannsóknina. Það væri þó ekki hægt að útiloka að það gæti gerst. Að sama skapi kvað vitnið mögulegt að þekjufrumur bærust á milli aðila við snertingu með höndum eða núningi við fatnað.

Vitnið kvað ekki hægt að segja til um hvaðan þekjufrumur stafi, þ.e. hvort þær kæmu frá ysta lagi húðar, úr munnholi eða endaparmi. Gera megi ráð fyrir því að við núning á milli endaparms og getnaðarlíms losni eitthvað af þekjufrumum frá getnaðarlimnum, sem myndu þá fara inn í endaparminn. Að sama skapi myndu þekjufrumur losna úr mjúkum þekjuvef í endaparminum og fara yfir á getnaðarliminn. Vitnið kvað það hins vegar vera svo að miklu meira af frumum losni við þetta úr mjúkum þekjuvefnum og færast yfir á getnaðarliminn, heldur en komi af þurrum getnaðarlim inn í endaparm. Þegar stroksýni sé tekið með bómullarpinna úr mjúkum þekjuvef fylgi talsvert mikið af DNA-frumum frá þeim einstaklingi sem sýnið er tekið frá. Lýkur séu fyrir því að DNA-frumur sem stafi frá mjúka þekjuvefnum yfirgnæfi hugsanlegar DNA-frumur sem stafi frá geranda, þannig að þær síðarnefndu greinist ekki við rannsókn. Loks kvað vitnið að ef sá sem sýni var tekið frá hefði áður farið í bað eða þvegið liminn væri mjög ólíklegt að í sýninu kæmi fram annað DNA en frá honum sjálfum.

Helena Ericson, sérfræðingur í réttarrannsóknum við Statens kriminaltekniska laboratorium í Linköping, gerði grein fyrir niðurstöðum DNA-rannsóknar á sýnum sem tekin voru af getnaðarlimum ákærðu. Vitnið kvað niðurstöður rannsóknar á sýni sem tekið var frá getnaðarlim ákærða Arkadiuszar benda mjög sterklega til þess að DNA sem fannst í sýninu stafi frá brotaþola. Á kvarða sem rannsóknarstofan miði við, frá +4 niður í -4, falli niðurstaðan undir +4, sem þýði að a.m.k. 1.000.000 sinnum líklegra sé að það DNA sem fannst í sýninu stafi frá brotaþola en einhverjum öðrum.

Sýni sem tekið var frá getnaðarlim ákærða Rafals hefði reynst innihalda blöndu af DNA frá tveimur einstaklingum. Meirihluti þess DNA sem fannst í sýninu hefði komið heim og saman við að stafa frá ákærða sjálfum, en segja megi að lítill hluti geti verið úr brotaþola. Við rannsókn sem þessa séu skoðuð 15 svæði í litningum og hefðu fundist samræmi við brotaþola í öllum 15, en þar sem svo lítið DNA hefði verið til staðar í sýninu hefði ekki verið hægt að fella niðurstöðuna undir hærri flokk en +1 á kvarðanum. Ekkert hefði þó komið fram við rannsóknina sem gæti bent til þess að DNA í sýninu stafaði frá einhverjum öðrum en brotaþola. Það sé niðurstaða rannsóknarinnar að 6 til 100 sinnum líklegra sé að DNA sem fannst í sýninu stafi frá brotaþola en einhverjum öðrum. Aðspurð hvort þekjufrumur hefðu getað borist á milli ákærða og brotaþola við snertingu með höndum eða fatnaði, sagði vitnið það vera mat sitt að til þess að ná því magni af DNA sem í sýninu væri hefði snerting þurft að vera við votan blett á líkama. Kvaðst vitnið telja að ef brotaþoli hefði snert getnaðarlim ákærða með hendinni hefði ekki flust nægilegt magn af DNA yfir á liminn svo að unnt væri að greina það í rannsókninni.

Niðurstaða

Ákærðu neita sök og ber framburði þeirra um atvik saman í meginatriðum. Hefur ákærði Rafal gefið skýringar á misvísandi framburði sínum við upphaf

lögreglurannsóknar. Ákærði Arkadiusz hefur viðurkennt að X hafi haft við hann einhvers konar munnmök og kveðst ákærði Rafal hafa verið vitni að því. Ákærðu hafa hins vegar hafnað því að konan hafi verið neydd til kynferðismaka eða að þeir hafi beitt hana ofbeldi á nokkurn hátt. Ákærði Rafal neitar því jafnframt að hafa haft endaparmsmök við konuna og sett fingur í leggöng hennar. Hefur ákærði Arkadiusz jafnframt borið að meðákærði hafi ekki haft kynferðismök við konuna.

X hefur borið að ákærðu hafi þröngvað henni með ofbeldi til kynferðismaka og er verknáðarlýsing í ákæru reist á skýrslum hennar við lögreglurannsókn málsins. Svo sem rakið hefur verið skýrði X á annan veg frá um ýmis atvik við aðalmeðferð málsins og var frásögn hennar fyrir dómnum ekki að öllu leyti trúverðug. Þannig bar X að hún hefði verið neydd til að hafa getnaðarlim ákærða Arkadiuszar í munni sér þegar ekið var frá flugvellinum, en áður hafði henni og ákærða borið saman um að hún hefði haft hönd á limnum á þeirri leið. Jafnframt kvað hún ákærða Rafal nokkrum sinnum hafa stöðvað bifreiðina til að beita hana ofbeldi, en um þetta hafði hún ekki borið fyrr. Þá kvaðst hún fyrir dómi hafa sætt miklum barsmíðum af hálfu ákærðu, sem hefðu staðið yfir í um klukkustund, en sú frásögn fær vart samrýmst lýsingu læknis á Neyðarmóttöku um að skoðun hefði ekki leitt í ljós aðra áverka en eymsli í vinstri öxl. Loks var framburður hennar misvísandi um hvenær bifreiðinni hefði verið læst og hvenær festing hefði losnað úr buxnastræng hennar. Á hinn bóginn gaf X greinargóða lýsingu á atvikum við skýrslutökur hjá lögreglu og voru þær í fullu samræmi við frásögn hennar við lögreglumenn sem hún ræddi við eftir atvikið og lækni og hjúkrunarfræðing á Neyðarmóttöku. Dómendur hafa skoðað hljóð- og myndbandsupptöku af skýrslum sem teknar voru af X hjá lögreglu. Þótt framburður X við aðalmeðferð málsins hafi verið með þeim hætti sem rakið hefur verið var frásögn hennar um þau atriði sem lúta að sakarefni málsins í samræmi við skýrslur hennar hjá lögreglu. Er það mat dómsins að framburður hennar hafi verið á einn veg um þau atriði sem máli skipta.

Fram er komið að eftir að X kom í bifreiðina við Laugaveg ók ákærði Rafal sem leið lá að Reykjavíkflugvelli og lagði bifreiðinni þar. Af framburði ákærðu verður ráðið að þeir áttu von á því að eitthvað kynferðislegt myndi eiga sér stað á milli þeirra og konunnar í bifreiðinni. Hafa þeir jafnframt borið að hún hafi verið samþykkt því að hafa kynferðismök við ákærða Arkadiusz. Miðað við ástand X eftir að hún yfirgaf bifreiðina þykir framburður ákærðu að þessu leyti ótrúverðugur, en vitni bera að hún hafi verið í miklu uppnámi, hafi borið um að sér hefði verið nauðgað og þulið í sífelli skráningarnúmer bifreiðarinnar.

Samkvæmt gögnum málsins klæddist X dökkum boxer kvennærbuxum yfir síðbuxur við komu á Neyðarmóttöku. Bar hún um það fyrir dómi við aðalmeðferð málsins að hún hefði verið þannig búin er hún hélt af stað um morguninn. Kvaðst hún hafa notað nærbuxurnar til að halda uppi buxunum, þar sem vantað hefði tölu eða festingu í streng. Enginn reki var gerður að því af hálfu lögreglu að rannsaka nærbuxurnar, hvorki til að upplýsa um ásigkomulag þeirra, né með tilliti til þess hvort í þeim fyndust lífsýni. Síðbuxur sem X klæddist voru mikið rifnar, eins og vitni hafa borið um og staðfest er í gögnum málsins. Af ljósmyndum og gögnum tæknideildar lögreglu verður ráðið að átak hefur þurft til að buxurnar rifnuðu sem raun ber vitni. Er það mat dómsins að það samrýmist lýsingu X á því að togað hafi verið í klof og buxunum svipt niður um hana. Hefur hún borið að ákærði Rafal hafi í kjölfarið haft við hana endaparmsmök í skamma stund.

Þá er það mat dómsins, með hliðsjón af niðurstöðu DNA-samanburðarrannsóknar á sýni, sem tekið var af getnaðarlim ákærða Rafals, framburði Helenu Ericson, sérfræðings við Statens kriminaltekniska laboratorium í Linköping, sem annaðist rannsóknina, sem og framburði Björgvins Sigurðssonar, sérfræðings lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, að gegn neitun ákærðu sé hafið yfir skynsamlegan vafa að getnaðarlimur ákærða Rafals hafi snert endaparm X, svo sem hún hefur borið um.

Framburður X er að mati dómsins trúverðugur um þau atriði sem lúta að sakarefni málsins og fær framburður hennar jafnframt stoð í gögnum málsins, svo sem rakið hefur verið. Framburður ákærðu er að sama skapi í andstöðu við gögn málsins um tiltekin atriði og telst því ekki trúverðugur. Er það niðurstaða dómsins að leggja beri frásögn X til grundvallar í málinu. Þykir sannað að ákærðu hafi haft kynferðismök við X með því að beita hana ofbeldi, þannig að ákærði Arkadiusz hafi neytt hana til að hafa við sig munnmök og ákærði Rafal haft við hana endaparmsmök. Við aðalmeðferð málsins kvaðst X ekki muna hvor ákærðu setti fingur í leggöng hennar. Samkvæmt því, og með vísan til 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, þykir óvarlegt að telja sannað að ákærði Rafal hafi framið þá háttsemi og verður hann sýknaður af ákæru þar um. Að öðru leyti verða ákærðu sakfelldir samkvæmt ákæru og varðar háttsemi þeirra við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Arkadiusz er fæddur árið 1981 og ákærði Rafal árið 1980. Ákærði Arkadiusz hefur ekki sætt refsingu svo vitað sé, en sakaferill ákærða Rafals hefur ekki áhrif á refsingu. Ákærðu hafa verið sakfelldir fyrir nauðgun með því að veitast í sameiningu að X og þröngva henni með ofbeldi til kynferðismaka. Brot ákærðu var alvarlegt og háttsemi þeirra niðurlægjandi fyrir konuna. Þá sýndu ákærðu einbeittan brotavilja. Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1., 2. og 6. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin fangelsi í 4 ár. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að gæsluvarðhald sem ákærðu hafa sætt frá 16. október 2011 komi til frádráttar refsingu.

Réttargæslumaður brotþola hefur krafist skaðabóta in solidum úr hendi ákærðu að fjárhæð 2.500.000 krónur auk vaxta. Um lagarök er vísað til 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993. Með broti því sem ákærðu hafa verið sakfelldir fyrir hafa þeir bakað sér miskabótaábyrgð gagnvart brotþola. Ekki nýtur við sérfræðigagna um líðan brotþola, en brot ákærðu var alvarlegt og til þess fallið að valda henni mikilli vanlíðan. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 1.200.000 krónur, sem beri vexti sem í dómsorði greinir.

Ákærði Arkadiusz greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hauks Arnar Birgissonar hrl., 1.164.013 krónur, auk aksturskostnaðar, 39.960 krónur. Ákærði Rafal greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Eyvindssonar hdl., 627.500 krónur, auk aksturskostnaðar, 26.640 krónur, og þóknun skipaðs verjanda síns á rannsóknarstigi málsins, Guðjóns Ólafs Jónssonar hrl., 564.750 krónur. Ákærðu greiði í sameiningu annan sakarkostnað málsins, 796.142 krónur, þ.m.t. þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Ragnhildar Elínar Lárusdóttur hdl., 200.800 krónur og þóknun réttargæslumanns á rannsóknarstigi málsins, Þórdísar Bjarnadóttur hrl., 112.950 krónur. Við ákvörðun þóknunar til lögmanna

hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari.

Héraðsdómararnir Ragnheiður Harðardóttir, Ásmundur Helgason og Halldór Björnsson kváðu upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærðu, Arkadiusz Zdzislaw Pawlak og Rafal Grajewski, sæti hvor um sig fangelsi í 4 ár. Frá refsingu þeirra dregst óslitið gæsluvarðhald frá 16. október 2011.

Ákærðu greiði X óskipt 1.200.000 krónur, með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 16. október 2011 til 8. desember 2011, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði Arkadiusz greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hauks Arnar Birgissonar hrl., 1.164.013 krónur, auk aksturskostnaðar, 39.960 krónur.

Ákærði Rafal greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Eyvindssonar hdl., 627.500 krónur, auk aksturskostnaðar, 26.640 krónur, og þóknun skipaðs verjanda síns á rannsóknarstigi málsins, Guðjóns Ólafs Jónssonar hrl., 564.750 krónur.

Ákærðu greiði í sameiningu 796.142 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Ragnhildar Elínar Lárusdóttur hdl., 200.800 krónur og þóknun réttargæslumanns á rannsóknarstigi málsins, Þórdísar Bjarnadóttur hrl. 112.950 krónur.

Ragnheiður Harðardóttir

Ásmundur Helgason

Halldór Björnsson